


Ísafjarðarbær
Ólöf Guðrún Valdimarsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi
Stjórnsýsluhúsínu
400 Ísafjörður



Reykjavík, 4. júní 2015
Tilvisun: 201505057/3.4

Efni: Deiliskipulag miðbæjar og hafnarsvæðis á Þingeyri, Dýrafirði, Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 13. maí 2015, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag miðbæjar og hafnarsvæðis á Þingeyri, Dýrafirði til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslagu nr. 123/2010. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslagu. Athugasemdaðresti lauk 1. janúar 2015. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn, þann 5. febrúar 2015 ásamt umsögn skipulags- og mannvirkjanefndar um framkomnar athugasemdir, dags. 14. janúar 2015.

Deiliskipulagið nær til 19,2 ha svæðis í miðbæ og við höfnina á Þingeyri og er hluti svæðisins hverfisverndað. Með gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið frá árinu 2001.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 16. maí 2012 og síðast breytt 18. febrúar 2015 og greinargerð sem er í sér hefti dags. í febrúar 2015. Fyrir liggur húsakönnun frá árinu 2013, fornleifaskráning fyrir Þingeyri frá árinu 2014 og umsögn Fornleifarverndar ríkisins dags. 25. júlí 2012.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingum um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartjóinda vegna eftirfarandi:


- Skipulagsskilmála vantar fyrir mannvirkni innan hverfisverndarsvæðis, en byggingarreitir eru utan um öll hús á því svæði. Skilmálar þurfa að taka mið af ákvæðum í töflu 7.11 um hverfisvernduð svæði í þéttbýli í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og skýra þarf töflu í gr. 4.2, en óljóst er t.d. hvað dálkurinn „Nýbygging m²“ þýðir. Ef ekki er gert ráð fyrir neinni uppbyggingu á þessu svæði, eins og ráða má af gr. 4.5, þarf það að koma skýrar fram og jafnframt taka byggingarreiti af uppdrætti.
- Skilmála vantar um hámarkshæðir einnar hæðar bygginga við Hafnarstræti og Sjávargötu. Töfluna í gr. 4.4 þarf einnig að yfirfara m.v. nýjustu upplýsingar en þar virðist vera innbryðris ósamræmi, sem dæmi má nefna lóð Hafnarstrætis 25, og eins er óljóst hvað dálkurinn „Nýbygging m² (óbyggt 2012)“ þýðir.
- Skilmála vantar um sjóvarnir sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Afla þarf umsagnar Vegagerðarinnar um sjóvarnirnar og hvort nauðsynlegt sé að setja ákvæði um gólfkóta á svæðinu.
- Gera þarf grein fyrir hvort fyrirhuguð sé landfylling á atvinnusvæðinu við Hafnarstræti sbr. merkingu fyrir fjörükamb á uppdrætti og að hluti lóða og göngustíga virðast lenda utan hans. Gæta þarf þess að gónguleið og kvöð um lagnir séu ekki innan byggingarreita á því svæði.

- Skilmála vantar um bílastæði og eins þarf að gera grein fyrir staðsetningu bílastæða á líðum sbr. gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð. Ekki er hægt að vísa skipulagsákvörðunum eins og um bílastæði til mæliblaða.

Auk þessa bendir stofnunin á að:

- Yfirlara þarf texta greinargerðar þannig að ljóst sé að hvaða ákvarðanir sé verið að taka, í stað þess að segja að reiknað er með, fyrirhugað er eða æskilegt er.
- Lagt er til að hús er falla undir 29. gr. laga um menningaminjar verði merkt sérstaklega á uppdrætti.
- Upplýsingar vantar um hvaða breytingar frá gildandi deiliskipulagi felast í nýjum skilmálum, sbr. gr. 5.8.1 í skipulagsreglugerð, en það hefði t.d. skýrt hvort hætt hafi verið við byggingu áður fyrirhugaðra olíutanka eða hvort þeir verði staðsettir annarsstaðar og sama á við um borholur RS-1 og RS-2. Eigi þessi mannvirki að vera innan hins nýja deiliskipulagssvæðis þarf að gera grein fyrir því.
- Viðauka 2 sem fjallað er um á bls. 21, vantar.
- Æskilegt getur verið að setja ákvæði um mannvirki sem eru undanþegin byggingarleyfi sbr. ákvæði gr. 5.3.2.11 í skipulagsreglugerð.
- Fram kom í umsögn Fornleifaverndar ríkisins frá 25. júlí 2012 að hún óskaði eftir því að fá deiliskipagstillöguna aftur til umsagnar þegar fornleifaskráning liggar fyrir.

Stofnunin minnir jafnframt á að samkvæmt breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem tók gildi 1. júní s.l. verða framkvæmdir við sjóvarnargarða tilkynningaskyldar til sveitarstjórnar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. 1. viðauka laganna, lið 10.23.


Unnsteinn Gíslason